

## Þróunarsjóður innflytjendamála

### Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Kennsla ÍTM fyrir döff ungmenni og fullorðna af erlendum uppruna sem eru á vinnumarkaðnum eða eru í atvinnuleit: rannsóknar- og þróunarverkefni

**Nafn styrkþega:** Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra

**Útdráttur:** Forsenda þátttöku í hvaða samfélagi sem er, er færni í tungumáli viðkomandi lands. Döff (fólk sem samsamar sig við samfélag heyrnarlausra og táknmál er þeirra fyrsta mál; ritmál landsins er þeirra annað mál) einstaklingar af erlendum uppruna kunna hvorki íslenskt táknmál (ÍTM) né íslensku eftir að þeir setjast að á Íslandi. Með því að bjóða hópnum upp á námskeið í ÍTM gefst þeim færi á að læra ÍTM og með því eykst vinnuframlag þeirra og/eða opnast aðgangur að atvinnumarkaðinum, annars vegar í gegnum bein samskipti á ÍTM og hins vegar í gegnum táknmálstúlkun. Færni í ÍTM gerir einstaklingnum kleift að sækja námskeið í íslensku eða öðrum endurmenntunarnámskeiðum sem nýtast þeim, með því að nota táknmálstúlkun á milli ÍTM og íslensku. Engin úrræði í tengslum við kennslu ÍTM sem annars máls á vegum ríkis og bæja standa hópnum til boða í samanburði við heyrandi útlendinga sem geta sótt hin ýmsu námskeið í íslensku sem öðru máli. Enginn aðili í kerfinu sinnir kennslu í ÍTM fyrir hópinn. Námskeiðið er því einstakt í eðli sínu og verður haldið í fyrsta skipti á Íslandi. Markmið verkefnisins eru: Að bjóða döff nýbúum í fyrsta skipti upp á námskeið í ÍTM sem L2 og menningu döff einstaklinga á Íslandi. Að tryggja gæði kennslu ÍTM fyrir döff nýbúa með því að þróa staðla fyrir kennslu ÍTM sem L2 á grundvelli (a) samevrópska rammanum fyrir táknmál og (b) þarfagreiningu. Að stuðla að jafnrétti döff nýbúa til þátttöku í íslensku þjóðfélagi á grundvelli ÍTM. Markmiðunum var náð að verkefninu loknu.

**Name of the project:** Course in ÍTM as L2 to Deaf youth and adult immigrants who are on the working market or a looking for a job: a research and developmental project

**Name of grantee:** The Communication Centre for the Deaf and Hard of Hearing

**Project description:** Prerequisite for participation in any society is proficiency in the language of the country concerned. Deaf (i.e. people who identify with the deaf community and use sign language as their first language; the country's written language is their second language) individuals of foreign origin do not know Icelandic sign language (ÍTM) or Icelandic after settling in Iceland. By offering the group courses in ÍTM, they are given the opportunity to study ÍTM and thereby increase their work contribution and/or open their access to the labour market, on the one hand through direct communication in ÍTM and on the other hand through sign language

interpretation. Skills in ÍTM enable the individuals to attend courses in Icelandic or other refresher courses useful to them by using sign language interpretation between ÍTM and Icelandic. No courses, offered by the state or municipalities in connection with learning ÍTM as a second language, are available to the group, in comparison with hearing foreigners who can attend various courses in Icelandic as a second language. No part of the official system offers courses in ÍTM to this group. This course is therefore unique and will be held for the first time in Iceland. The goals of the project are: To offer, for the first time, courses in ÍTM as L2 and the culture of deaf individuals in Iceland to deaf immigrants. To ensure the quality of ÍTM teaching for deaf immigrants by developing standards for ÍTM teaching as L2 on the basis of (a) the European framework for sign language and (b) needs analysis. To promote the equality of deaf immigrants in participation in Icelandic society on the basis of ÍTM. The goals were achieved after the project was finished.